



BARN AVERN DARSTOFA

Alþingi
Erindi nr. P 122/765
komudagur 26.1. '98

Alþingi
Sigríður A. Þórðardóttir, formaður
Þórshamri v/Templarasund
150 Reykjavík

Tilvísun
97120004

Dagsetning
23.1.1998
GB/--

Barnaverndarstofu hefur borist bréf menntamálanefndar Alþingis, dags. 27. nóvember s.l. þar sem óskað er umsagnar um tillögu til þingsályktunar um aðgerðir til að mæta mismunandi þörfum drengja og stúlkna í grunnskólum, 109. mál þingsins. Í apríl á síðasta ári óskaði menntamálanefnd umsagnar um þingsályktunartillögu sem nefndin hafði þá til umfjöllunar og snerti stöðu drengja í grunnskólum. Sú þingsályktunartillaga fékkst m.a. við að leita orsaka þess að drengir ættu við meiri félagslegan vanda að etja í grunnskólum en stúlkur og gera ráðstafanir til að fá úr bætt.

Ljóst er að þingsályktunartillaga sem nú er lögð fram um þarfir drengja og stúlkna snertir að mörgu leyti sömu viðfangsefni og áður nefnd tillaga. Barnaverndarstofa lét í té sjónarmið sín um hana sem einnig geta átt við um þá tillögu sem nú er óskað umsagnar um.

Það er rétt sem komið hefur fram við ýmis tækifæri og er m.a. rakið í greinargerðum með báðum þingsályktunartillögum, að mikill munur virðist á fjölmörgum þáttum milli drengja og stúlkna og snertir það sem sem telja verður mælikvarða á mikilvæg atriði í lífi barna. Þar er m.a. að finna þá vitneskju frá starfi barnaverndaryfirvalda að af skjólstæðingar á meðferðheimilum á vegum ríkisins fyrir börn eru drengir í miklum meirihluta. Bæta má við að upplýsingar frá barnaverndarnefndum um afskipti þeirra leiða í ljós hið sama þó munurinn sé minni. Á árinu 1996 höfðu barnaverndarnefndir landsins afskipti af málum 415 drengja og 333 stúlkna. Allt bendir í sömu átt. Vandir barna eftir kyni er mismunandi. Þegar ýmis atriði sem gefa til kynna hver líðan og stað fullorðinna er blasir hið sama við. Af öllu má ráða að þau vandamál sem ríkja í lífi einstaklinga hafa með kyn þeirra að gera að einhverju leyti. Ekki síður mikilvægt er að gera sér grein fyrir að þau atriði sem um að tefla virðast koma til sögunnar þegar í æsku. Með öðrum orðum blasir sú staðreynd við að þau vandamál sem einstaklingar eiga eftir að glíma við á lífsleiðinni, og gætu tengst kyni þeirra, hafa þá þegar náð að móta þá að verulegu leyti þá þegar á ungum aldri.

Í ljósi þess hve stór hluti uppeldis barna fer fram í leikskólum og grunnskólum er rökrétt að freista þess að gera allt sem í valdi manna stendur til að þróa aðferðir og leiðir sem stuðla að því að börnum nýtist meðfæddir hæfileikar sínir og eiginleikar sem best, hvors kyns sem barn er. Stúlkur og drengir hafa yfir mismunandi eiginleikum að búa sem skipa máli og þjóðfélagið í heild á að hafa gagn af. Þessir eiginleikar þróast á mismunandi hátt á mismunandi tíma eftir mismunandi leiðum. Þessi vísbending á að skipta miklu máli í starfi skóla landsins. Rökrétt er þess vegna að gera ráð fyrir þessu í öllu skipulagi á starfi

PÓSTHÚSSTRÁTI 7
PÓSTHÓLF 53
121 REYKJAVÍK

SÍMI 552 4100
BRÉFSÍMI 552 4108




BARN AVERNDARSTOFA

skólanna og þegar það starf er unnið frá degi til dags. Því þykir Barnaverndarstofu viðfangsefni þingsályktunarinnar mikilvægt.

Ljóst má vera að þau atriði sem hér er um að tefla snerta á sinn hátt mjög flókna samfélagslega þætti, stöðu karla og kvenna, breytt hlutverk þeirra, hraða þróun hvað lifnaðarhætti varðar, atvinnuhætti og þátttöku í atvinnulífi eftir kynjum, breytingar á menntun þjóðarinnar, og margt annað sem og langt mál yrði upp að telja. Vænta má að starf nefndarinnar muni öðru fremur snerta skipulagningu skólastarfsins og því verða þessi þættir aðeins í bakgrunni. Engu að síður þykir Barnaverndarstofu samsetning nefndarinnar sé full einhæf samkvæmt þingsályktunartillögunni. Eingöngu er gert ráð fyrir fagfólki á sviði uppeldis- og kennslumála. Slíkri nefnd væri eflaust akkur í því að hafa innan sinna raða félagsfræðing eða annan þann sem starfaði á öðru sviði en menntasviði en hefði góða yfirsýn yfir þau viðfangsefni sem um er að tefla.

Meðfylgjandi er til nánari glöggvunar umsögn Barnaverndarstofu til menntamálanefndar, dags. 1. apríl s.l.

Virðingarfyllst
f. h. Barnaverndarstofu



Guðjón Bjarnason

PÓSTHÚSSTRÆTI 7
PÓSTHÓLF 53
121 REYKJAVÍK

SÍMI 552 4100
BRÉFSÍMI 552 4108

KT. 700595 2699



BARN AVERN DARSTOFA

Menntamálanefnd Alþingis
Sigríður A. Þórðardóttir, formaður
Þórshamri v/Templarasund
150 Reykjavík

Tilvísun
97030026

Dagsetning
1.4.1997
GB/--

AFRIT

Barnaverndarstofu hefur borist bréf menntamálanefndar Alþingis, dags. 6. þ.m. þar sem óskað er umsagnar um þingsályktunartillögu um stöðu drengja í grunnskólum, 227. mál þingsins.

Tillagan gerir ráð fyrir því að Alþingi álykti að fela menntamálaráðherra að skipa nefnd sem leiti orsaka þess að drengir eigi við meiri félagslegan vanda að etja í grunnskólum en stúlkur og að námsárangur þeirra sé lakari. Jafnframt því að greina orsakir fyrir aðlögunarvanda drengja, verði nefndinni falið að benda á leiðir til úrbóta. Nefndina skal samkvæmt þingsályktunartillögunni skipa fagfólki á sviði uppeldis-og kennslumála.

Barnaverndarstofu þykir mikilsvert að Alþingi hugi að stöðu barna, svo sem gert er með umræddri tillögu. Á það hefur skort að gera sér grein fyrir því lífi sem börn lifa sem eiga við tilfinningalegan eða annan vanda að etja. Mætti stórefla þann þátt í íslenskri rannsóknarmenningu, án þess að verið sé að vanmeta það sem gerst hefur í því efni undanfarið (sjá t.d. norræna samanburðarrannsókn um líf 10 ára barna sem Ísland tók þátt í).

Vitað er út frá faraldsfræðirannsóknum að viss hluti barna, af báðum kynjum, á við mis mikinn tilfinningalegan og félagslegan vanda að etja á hverjum tíma. Kannanir benda til þess að á bilinu 10-20% barna komi hér við sögu. Stór hluti þessa hóps er talinn eiga við svo alvarlegan vanda að etja að það hafi varanleg áhrif á líf þeirra. Sú staðreynd að kynjunum vegnar misvel við mismunandi aðstæður og á mismunandi aldri, gæti varpað ljósi á mikilvæga orsakarþætti sem gætu haft áhrif hér. Ekki nóg með það heldur gæti slík vitneskja verið vegvísir að því hvernig unnt er að bæta raunverulega stöðu kynjanna í samfélaginu og stuðlað að því að karlar jafnt sem konur fái notið mismunandi eiginleika sinna betur.

Í greinargerð með þingsályktunartillögunni eru raktar fáeinar staðreyndir um stöðu drengja. Upplýsingar í þessa veru hafa áður komið fram, sumar allt að því sláandi. Má þar sem dæmi vísa til skýrslu sem nefnd á vegum félagsmálaráðherra um breytta stöðu karla og leiðir til að auka ábyrgð þeirra á fjölskyldulífi og börnum, gaf út í júlí 1993 (sjá t.d. Áspór Ragnarsson, Gjald karlmenskunnar). Í framangreindri skýrslu var bent á fjölmargt sem betur mætti fara í málefnum karla, ekki síst ungra drengja. Enda þótt ýmsar uggvekjandi upplýsingar kunni að liggja fyrir, þykir Barnaverndarstofu ekki heppilegt hve mjög er í greinargerðinni með þingsályktuninni fullyrt um atriði sem verið er að leggja til að verði könnuð.

Barnaverndarstofa telur, hvað sem því líður að safna vísindalegum gögnum og að gera tillögur, sé þess tæpast að vænta að vinna megi á áhrifaríkan hátt að bætti

PÓSTHÚSSTRÁTI 7
PÓSTHÓLF 53
121 REYKJAVÍK

SÍMI 552 4100
BRÉFSÍMI 552 4108



BARN AVERNDARSTOFA

stöðu barna, hvort heldur er drengja eða stúlkna, nema með samstilltu átaki barnaverndar-, lögreglu-, félags-, heilbrigðis- og menntamálayfirvalda. Því miður er enn langt í land að aðstæður séu með þeim hætti alls staðar hér á landi að viðunandi geti talist í þessu efni. Hér má nefna skort á samstarfi og þekkingarskorti, m.a. milli starfsstétta um viðfangsefni þeirra og nálgun hvers um sig, en fleira kemur til. Sérhæfðum starfsmönnum og þekkingu er ekki til að dreifa í þeim mæli sem vera þarf. Einnig má nefna skipulagslegum vanda, m.a. hvað áhrærir samstarf sveitarfélaga. Mikilvægt er, nái þingsályktunartillagan fram að ganga, að áhersla verði lögð á samvinnu fagmanna, stjórnvalda og áhugafélaga í milli og innbyrðis. Félagsmálráðuneytið og Barnaverndarstofa hafa unnið að þessu verkefni undanfarið hvað barnavernd áhrærir. Það hefur m.a. verið gert með fyrirmælum um fækkun barnaverndarnefnda, með hvatningu um ráðningu sérfróðra starfsmanna til nefndanna, námskeiðahaldi o.fl.

Hvað varðar þingsályktunartillöguna efnislega sér Barnaverndarstofa ástæðu til að láta í ljós þá skoðun að viðfangsefni þingsályktunartillögunnar sé flókið og margslungið. Að baki þeirri fullyrðingu býr sú skoðun að um sé að ræða félagslegar-, líffræðilegar, efnahagslegar breytur, sennilega enn fjölþættari, sem valdi því að drengir og stúlkur eru mismunandi á vegi stödd, einnig í grunnskóla, jafnvel þegar í upphafi hans. Þessar breytur tengjast óhjákvæmilega og gagnvirk ákvörðunum af pólitískum toga, starfi stjórnvalda o.s.frv. Til dæmis eru vísbendingar um að munur sé milli kynjanna eftir aldri hvað málbeitingu og málþroska áhrærir, skynjun virðist frábrugðin svo og einbeiting, kvíða- og álagspól. Minnst er á athyglisverð verkefni í greinargerð tillögunnar sem taka mið af þessu, svo sem skiptingu kynjanna í sérstakar deildir skóla. Eitthvað af þeim mun sem er á eiginleikum kynjanna gæti orsakast af líffræðilegum þáttum.

Að öllu framansögðu veltir Barnaverndarstofa því fyrir sér hvort ekki sé of einhæft að binda skipan nefndarinnar „fagfólki á sviði uppeldis- og kennslumála“ einvörðungu eins og gert er ráð fyrir í þingsályktunartillögunni. Barnaverndarstofa myndi leggja sitt af mörkum um að koma hugmyndum á framfæri í þessu efni, ef eftir væri leitað.

Barnaverndarstofa telur mikilvægt að gera sér grein fyrir því að nauðsynlegt er að gera ráðstafanir til að kanna það fyrirbæri gaumgæfilega sem hér um ræðir. Stofan hefur ekki sérstaka skoðun á því hvort skipan nefndar, svo sem gert er ráð fyrir, er árangursríkasta leiðin til þessa en ítrekar að hinu megi ekki líta hjá að lítið verður að gert séu ekki til ráðstöfunar fjármunir, tími og þekking til að vinna þetta verk. Eflaust gæti sérstaklega skipuð nefnd komið hér að haldi. Á hinn bóginn telur Barnaverndarstofa afar óskynsamlegt að ætla þessu verkefni, safna upplýsingum og vinna úr þeim, þróa hugmyndir og setja fram tillögur og hrinda þeim í framkvæmd, svo skamman tíma sem gert er ráð fyrir í þingsályktunartillögunni.

Barnaverndarstofa ímyndar sér að ýmsar rannsóknarstofnanir gætu lagt málinu lið, svo sem Rannsóknarstofnun uppeldismála, Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands og ef til vill fleiri. Barnaverndarstofa vill nota tækifærið til að koma þeirri hugmynd á framfæri að rætt verði um það innan vébanda Háskóla Íslands hvort ekki sé ástæða til að vinna að því að koma á laggir starfsemi innan Háskólans sem hefði það hlutverk að rannsaka stöðu kynjanna, e.k. rannsóknarstofu í **kynjafræðum** (Gender studies). Mætti einmitt þar vinna að því að rannsaka stöðu kynjanna á unga aldri og stuðla að því að bæta aðstæður barna með því að koma betur til móts við þarfir þeirra eftir kyni. Einnig mætti velta fyrir sér hvort ekki mætti breyta eða víkka út hlutverk þeirrar starfsemi Háskólans sem nú starfar undir heitinu „rannsóknarstofa í **kvennafræðum**“ og byggt verði á þeim vísi sem þar hlýtur að vera orðinn til við að stunda rannsóknir á stöðu kynjanna. Þannig

PÓSTHÚSSTRÁTI 7
PÓSTHÓLF 53
121 REYKJAVÍK

SÍMI 552 4100
BRÉFSÍMI 552 4108



BARN AVERNDARSTOFA

verði á vegum Háskóla Íslands fengist jöfnum höndum við að rannsaka stöðu kynjanna, einnig á ungum aldri. Þannig mætti tryggja að þekking og vitneskja um stöðu og eiginleika kynjanna á ungum aldri, verði ekki slitið úr nauðsynlegu samhengi við annað það sem vitað er um þessi atriði í fari hinna fullorðnu.

Eitt af hlutverkum rannsóknarmiðstöðvar, nefndar, eða hvers þess sem hefði hlutverki að gegna um að bæta stöðu barna með tilliti til kyns, gæti verið að gera tillögur og koma með ábendingar til þeirra sem á þyrftu að halda, svo sem stjórnvalda, Alþingis, rannsakenda, frjálsra félaga. Einnig um það með hvaða hætti safna megi saman tölulegum upplýsingum á mismunandi vettvangi um stöðu kynjanna á ungum aldri. Barnaverndarstofa hvetur til þess, verði nefnd skipuð í samræmi við þingsályktunartillöguna, að reynt verði að gera sér grein fyrir því með hvaða hætti best er staðið að samfelli og samræmingu í söfnun upplýsinga um stöðu kynjanna á unga aldri, glöggva sig á því hvaða upplýsingum beri að safna, hverjum beri að safna þeim, hvernig skuli með þær farið o.s.frv. Að slíku verður að hyggja í tíma, en aðeins með því móti má skapa tryggan og viðvarandi grundvöll að svo mikilvægu verkefni sem þingsályktunartillögunni er ætlað að vinna að.

F.h. Barnaverndarstofu

Guðjón Bjarnason

PÓSTHÚSSTRÁTI 7
PÓSTHÓLF 53
121 REYKJAVÍK

SÍMI 552 4100
BRÉFSÍMI 552 4108

KT. 700595 2699